

Flóahreppur
Þingborg
803 Selfoss

Hveragerði, 14. ágúst 2026

Efni: Mat á fjárhagslegum áhrifum skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Stjórnendur sveitarfélagsins óskuðu eftir að undirritaður Auðunn Guðjónsson löggiltur endurskoðandi myndi, sem sérfróður aðili ótengdur sveitarfélaginu, gera mat á fjárhagslegum áhrifum fyrirhugaðrar fjárfestingar vegna viðbyggingar við grunnskóla sveitarfélagsins. Mat þetta er gert í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til grundvallar matinu liggur samþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2026-2029. Ennfremur byggir matið á ársreikningi Flóahrepps fyrir árið 2025 sem samþykktur var við seinni umræðu í sveitarstjórn þann 12. maí 2026 og öðrum upplýsingum frá stjórnendum sveitarfélagsins.

Það skal tekið fram að undirritaður hefur ekki kannað sérstaklega áreiðanleika framangreindra upplýsinga og ber því ekki ábyrgð á nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga. Þá skal tekið fram að undirritaður ber ekki ábyrgð á þeim ákvörðunum sem kunna að verða teknar á grundvelli matsins.

Í 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er m.a. fjallað um mikla fjárfestingu, en þar segir:

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Áætluð fjárfesting vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við grunnskóla á árinum 2026-2028 nemur samtals 450 millj. kr. samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Áætlað er að fjárfestingin falli til á þremur árum, 150 millj. kr. á ári.

Skatttekjur sveitarfélaga samanstanda af útsvari, fasteignaskatti og framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Áætlaðar skatttekjur Flóahrepps 2026 samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins nema samtals 1.224 millj. kr. Samkvæmt áætluninni verður útsvar og fasteignaskattur 747 millj. kr. og framlög Jöfnunarsjóðs 477 millj. kr. á árinu 2026.

Hlutfall áætlaðrar fjárfestingar nemur því 37% af áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins fyrir árið 2026 og því ljóst að fyrirhuguð fjárfesting er matsskyld í samræmi við 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hlutfall fjárfestingar af rekstrartekjum

Áætluð fjárfesting 2026	150.000.000
Áætluð fjárfesting 2027	150.000.000
Áætluð fjárfesting 2028	150.000.000
	450.000.000
Útsvar og fasteignaskattur áætlun 2026	746.903.000
Framlög Jöfnunarsjóðs áætlun 2026	476.724.000
	1.223.627.000
Hlutfall fjárfestingar	37%

Fjárfesting

Í gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2026-2029 er gert ráð fyrir framangreindri fjárfestingu við viðbyggingu grunnskóla, samtals 450 millj. kr. Ekki er hér lagt mat á forsendur fyrir kostnaðaráætlun vegna fjárfestingarinnar. Ef fyrirséð verður að framkvæmdakostnaður komi til með að verða verulega hærri en áætlun gerir ráð fyrir, er að mínu mati viðeigandi að framkvæma að nýju mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestingarinnar.

Fjármögnun

Samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2026-2029 er gert ráð fyrir að framangreind fjárfesting verði fjármögnuð með nýrri lántöku og með handbæru fé sveitarfélagsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir nýrri lántöku að fjárhæð 50 millj. kr. á árinu 2027 og 80 millj. kr. á árinu 2028. Samtals áætluð ný lántaka vegna fjárfestingarinnar á tímabilinu nemur því 130 millj. kr.

Samþykkt fjárhagsáætlun 2026-2029

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2026-2029 var samþykkt við seinni umræðu í sveitarstjórn Flóahrepps þann 2. desember 2025. Í neðangreindri töflu er samantekt um helstu stærðir úr fjárhagsáætlun fyrir A og B hluta sveitarfélagsins.

Samþykkt fjárhagsáætlun 2026-2029 A og B hluti

	spá 2025	áætlun 2026	áætlun 2027	áætlun 2028	áætlun 2029
Rekstrartekjur	1.397.572.000	1.522.888.000	1.494.463.000	1.563.521.000	1.635.740.000
Rekstrargjöld	-1.225.463.000	-1.351.651.000	-1.420.773.000	-1.482.629.000	-1.534.196.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-4.229.000	-1.032.000	-5.455.000	-12.264.000	-15.494.000
Rekstrarniðurstaða	167.880.000	170.205.000	68.235.000	68.628.000	86.050.000
Eignir	1.556.679.000	1.726.830.000	1.840.269.000	1.981.592.000	2.055.031.000
Eigið fé	1.170.782.000	1.340.987.000	1.409.222.000	1.477.850.000	1.563.900.000
Skuldir og skuldbindingar	385.897.000	385.843.000	431.047.000	503.742.000	491.131.000
Handbært fé í ársbyrjun	456.160.000	666.435.000	405.222.000	249.472.000	207.715.000
Handbært fé frá rekstri	142.004.000	124.673.000	132.496.000	143.158.000	159.713.000
Fjárfesting í grunnskóla	0	-150.000.000	-150.000.000	-150.000.000	0
Fjárfestingarhreyfingar aðrar	72.985.000	-228.467.000	-177.000.000	-100.000.000	0
Lántaka	6.852.000	3.402.000	50.000.000	80.000.000	0
Afborganir lána	-11.566.000	-10.821.000	-11.246.000	-14.915.000	-21.108.000
Handbært fé í árslok	666.435.000	405.222.000	249.472.000	207.715.000	346.320.000
Jafnvægisregla	452.744.000	517.421.000	406.321.000	307.068.000	222.913.000
Skuldahlutfall	27,6%	25,3%	28,8%	32,2%	30,0%
Skuldaviðmið	-34,0%	-13,9%	-0,5%	7,0%	-2,4%

Áhrif rauntalna 2025 á fjárhagsáætlun

Við gerð fjárhagsáætlunar var byggt á útkomuspá fyrir árið 2025 þar sem ársreikningur fyrir árið lá ekki fyrir á þeim tíma sem áætlunin var gerð. Til að ná fram réttari stöðu eigna og skulda í árslok 2025 eru við matið færð í fjárhagsáætlunina áhrif rauntalna samkvæmt ársreikningi.

Áhrif viðauka við fjárhagsáætlun 2026

Sveitarstjórn Flóahrepps hefur samþykkt einn viðauka við fjárhagsáætlun 2026. Viðaukinn var samþykktur á fundi sveitarstjórnar þann 9. júlí 2026. Viðaukinn felur í sér lækkun rekstrargjalda um 1 millj. kr. og hækkun fjárfestingar um 21 millj. kr. auk tilfærslna rekstrarkostnaðar milli liða og fjárfestingar milli ára. Áhrif viðaukans eru við matið færð í fjárhagsáætlunina.

Áhrif fjárfestingar á rekstur

Í samþykktri fjárhagsáætlun eru reiknuð áhrif fjárfestingarinnar á afskriftir og einnig eru reiknuð áhrif nýrrar lántöku á fjármagnskostnað.

Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum sveitarfélagsins hefur ekki verið lagt sérstaklega mat á áhrif fjárfestingarinnar á annan rekstrarkostnað eftir að byggingarnar verða teknar í notkun. Ekki verður séð að rekstrarkostnaðarhækkun verði veruleg, en reikna má með að til falli viðbótarkostnaður við rafmagn, hita, ræstingu, tryggingar, viðhald o.þ.h. vegna nýrra bygginga. Við matið er reiknað með hækkun rekstrarkostnaðar frá áætlun sem nemur 2% af fjárfestingu.

Fjárhagsáætlun 2026-2029 með breytingum

Í neðangreiddri töflu er fjárhagsáætlun sem hefur verið breytt frá samþykktri áætlun vegna áhrifa rauntalna 2025, samþykktar viðauka við áætlun 2026 og bætt við áætluðum viðbótarkostnaði vegna fjárfestingarinnar.

Fjárhagsáætlun 2026-2029 A og B hluti með breytingum

	rauntölur 2025	áætlun 2026	áætlun 2027	áætlun 2028	áætlun 2029
Rekstrartekjur	1.512.366.000	1.522.888.000	1.494.463.000	1.563.521.000	1.635.740.000
Rekstrargjöld	-1.292.605.000	-1.350.533.000	-1.423.773.000	-1.488.629.000	-1.543.196.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	14.652.000	-1.032.000	-5.455.000	-12.264.000	-15.494.000
Rekstrarniðurstaða	234.413.000	171.323.000	65.235.000	62.628.000	77.050.000
Eignir	1.579.121.000	1.750.390.000	1.860.829.000	1.996.152.000	2.060.591.000
Eigið fé	1.249.815.000	1.421.138.000	1.486.373.000	1.549.001.000	1.626.051.000
Skuldir og skuldbindingar	329.306.000	329.252.000	374.456.000	447.151.000	434.540.000
Handbært fé í ársbyrjun	456.160.000	544.894.000	221.199.000	105.449.000	57.692.000
Handbært fé frá rekstri	201.521.000	125.791.000	129.496.000	137.158.000	150.713.000
Fjárfesting í grunnskóla	0	-150.000.000	-150.000.000	-150.000.000	0
Fjárfestingarhreyfingar aðrar	-72.323.000	-292.067.000	-134.000.000	-100.000.000	0
Lántaka	0	3.402.000	50.000.000	80.000.000	0
Afborganir lána	-38.963.000	-10.821.000	-11.246.000	-14.915.000	-21.108.000
Aðrir liðir	-1.501.000				
Handbært fé í árslok	544.894.000	221.199.000	105.449.000	57.692.000	187.297.000
Jafnvægisregla	519.276.000	585.071.000	470.971.000	299.186.000	204.913.000
Skuldahlutfall	21,8%	21,6%	25,1%	28,6%	26,6%
Skuldaviðmið	-30,0%	-8,3%	2,6%	10,4%	1,5%

Áhrif fjárfestingar á fjárhagsáætlun

Við mat á áhrifum fjárfestingarinnar á fjárhag sveitarfélagsins er stuðst við samþykktu fjárhagsáætlun fyrir árin 2026-2029, en gerðar tiltekna breytingar á áætluninni eins og rakið er hér að framan. Í þeirri áætlun er gert ráð fyrir fjárfestingunni og fjármögnun hennar sem og áætluðum rekstraráhrifum af fjárfestingunni. Til að meta áhrif fjárfestingarinnar er í matinu farin sú leið að stilla jafnframt upp fjárhagsáætlun fyrir sama tímabil, sama áætlun nema að áætluð fjárfesting, lántaka og rekstraráhrif eru tekin út. Þannig koma fram áhrif fjárfestingarinnar með samanburði þessara tveggja áætlana. Í þeirri áætlun eru ekki gerðar neinar aðrar breytingar á fjárfestingaráætlun sveitarfélagsins og reiknað með annarri fjárfestingu í samræmi við áætlunina.

Ekki er lagt mat á hver óbein áhrif þess að sleppa fjárfestingunni myndu hafa á tekjur sveitarfélagsins. Tekjuáætlun er því ekki breytt.

Í neðangreindri töflu er fjárhagsáætlunin þar sem fjárfestingu, lántöku og rekstraráhrif eru tekin út.

Fjárhagsáætlun 2026-2029 A og B hluti með breytingum, án fjárfestingar

	rauntölur 2025	áætlun 2026	áætlun 2027	áætlun 2028	áætlun 2029
Rekstrartekjur	1.512.366.000	1.522.888.000	1.494.463.000	1.563.521.000	1.635.740.000
Rekstrargjöld	-1.292.605.000	-1.348.658.000	-1.415.148.000	-1.473.254.000	-1.522.946.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	14.652.000	-1.032.000	-3.892.000	-6.836.000	-7.818.000
Rekstrarniðurstaða	234.413.000	173.198.000	75.423.000	83.431.000	104.976.000
Eignir	1.579.121.000	1.752.265.000	1.821.105.000	1.898.306.000	1.996.750.000
Eigið fé	1.249.815.000	1.423.013.000	1.498.436.000	1.581.867.000	1.686.843.000
Skuldir og skuldbindingar	329.306.000	329.252.000	322.669.000	316.439.000	309.907.000
Handbært fé í ársbyrjun	456.160.000	544.894.000	371.199.000	358.225.000	392.971.000
Handbært fé frá rekstri	201.521.000	125.791.000	132.384.000	146.316.000	164.146.000
Fjárfesting í grunnskóla	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar aðrar	-72.323.000	-292.067.000	-134.000.000	-100.000.000	0
Lántaka	0	3.402.000	0	0	0
Afborganir lána	-38.963.000	-10.821.000	-11.358.000	-11.570.000	-11.786.000
Aðrir liðir	-1.501.000				
Handbært fé í árslok	544.894.000	371.199.000	358.225.000	392.971.000	545.331.000
Jafnvægisregla	519.276.000	586.946.000	483.034.000	332.052.000	263.830.000
Skuldahlutfall	21,8%	21,6%	21,6%	20,2%	18,9%
Skuldaviðmið	-30,0%	-18,1%	-17,8%	-19,4%	-28,0%

Áhrif fjárfestingarinnar eru dregin fram í neðangreindri töflu þar sem mismunur áætlunar með og án fjárfestingarinnar kemur fram.

Áhrif fjárfestingar á fjárhagsáætlun 2026 A og B hluti

	rauntölur 2025	áætlun 2026	áætlun 2027	áætlun 2028	áætlun 2029
Rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Rekstrargjöld	0	-1.875.000	-8.625.000	-15.375.000	-20.250.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	0	-1.563.000	-5.428.000	-7.676.000
Rekstrarniðurstaða	0	-1.875.000	-10.188.000	-20.803.000	-27.926.000
Eignir	0	-1.875.000	39.724.000	97.846.000	63.841.000
Eigið fé	0	-1.875.000	-12.063.000	-32.866.000	-60.792.000
Skuldir og skuldbindingar	0	0	51.787.000	130.712.000	124.633.000
Handbært fé í ársbyrjun	0	0	-150.000.000	-252.776.000	-335.279.000
Handbært fé frá rekstri	0	0	-2.888.000	-9.158.000	-13.433.000
Fjárfesting í grunnskóla	0	-150.000.000	-150.000.000	-150.000.000	0
Fjárfestingarhreyfingar aðrar	0	0	0	0	0
Lántaka	0	0	50.000.000	80.000.000	0
Afborganir lána	0	0	112.000	-3.345.000	-9.322.000
Aðrir liðir	0	0	0	0	0
Handbært fé í árslok	0	-150.000.000	-252.776.000	-335.279.000	-358.034.000
Jafnvægisregla	0	-1.875.000	-12.063.000	-32.866.000	-58.917.000
Skuldahlutfall	0,0%	0,0%	3,5%	8,4%	7,6%
Skuldaviðmið	0,0%	9,8%	20,4%	29,8%	29,5%

Fjárhagsleg staða sveitarfélagsins

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2025 fjárhagsstaða sveitarfélagsins sterk og rekstur sveitarfélagsins jákvæður. Samkvæmt ársreikningnum er skuldahlutfall í árslok 22%. Skuldahlutfall er reiknað sem hlutfall heildarskulda af rekstrartekjum.

Handbært fé sveitarfélagsins í árslok 2025 nemur 545 millj. kr. Við útreikninga á skuldaviðmiði sem skilgreint er í reglugerð 502/2012 er handbært fé og aðrir frádráttarliðir hærri en skuldir og viðmiðið reiknast því sem frádregnar eignir (og undanskyldar skuldir) umfram skuldir sem nemur 30%. Skuldaregla samkvæmt viðmiðum reglugerðarinnar er þannig að skuldir umfram þessa frádráttarliði skuli ekki vera umfram 150% af reglulegum tekjum. Sveitarfélagið er því langt undir þessu hámarki.

Jafnvægisregla samkvæmt viðmiðum reglugerðarinnar er þannig að heildarútgjöld vegna rekstrar A og B hluta skulu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en sem nemur samanlegum reglulegum gjöldum. Rekstrarjöfnuður sveitarfélagsins 2023-2025 nam 519 millj. kr. Sveitarfélagið stenst því viðmið um rekstarjöfnuð með ágætum.

Í fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir fjárfestingu í viðbyggingu við grunnskóla stenst sveitarfélagið bæði viðmið um rekstrarjöfnuð og skuldaviðmið eins og fram kemur í talnaefni hér að framan. Þegar áætlað er að fjárfestingunni verði lokið í árslok 2028 er áætlað skuldahlutfall 29% og skuldaviðmið komið í 10%. Handbært fé í árslok 2028 er áætlað 58 millj. kr. og rekstrarjöfnuður 2026-2028 er áætlaður 299 millj. kr.

Niðurstöður

Fyrirhuguð fjárfesting vegna viðbyggingar við grunnskóla sveitarfélagsins að fjárhæð samtals 450 millj. kr. á árunum 2026-2028 ætti að vera vel viðráðanleg fyrir sveitarfélagið samhliða annarri áætlaðri fjárfestingu. Áhrif fjárfestingarinnar á fjárhagsleg viðmið sveitarfélagsins (rekstrarjöfnuð og skuldareglu) eru ekki það mikil að það skapi hættu á að sveitarfélagið geti ekki staðist viðmiðin. Ekki verður betur séð en fjárhagsstaða sveitarfélagsins verði áfram sterk og rekstur jákvæður.

Undirritaður er tilbúinn til að veita frekari upplýsinga um mat þetta eða önnur tengd atriði ef eftir því verður leitað.

Virðingarfyllst,



Auðunn Guðjónsson
löggiltur endurskoðandi